



ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

Alþingi 1/504
Erindi nr. P 130/504
komudagur 5.12. 2003

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 3. desember 2003

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Evrópufélög, 203. mál.

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp iðnaðar- og viðskiptaráðherra til laga um Evrópufélög. Frumvarpið er byggt á reglugerð Ráðsins (EB) 2157/2001 frá 8. október 2001 um samþykktir fyrir Evrópufélög (SE). Með reglugerð þessari er lagður grundvöllur að nýju félagsformi (yfirþjóðlegu) á sviði evrópsks félagaréttar. Er því ætlað að þjóna hagsmunum fyrirtækja sem starfa eða hyggjast starfa í fleiri en einu aðildarríki sambandsins.

Sérstaða þessa nýja félagsforms lýsir sér m.a. í því að slíkt Evrópufélag verður ekki skráð nema fyrir liggi samkomulag milli stjórnar og fulltrúa starfsmanna um fyrirkomulag á upplýsingagjöf til starfsmanna og samráði um málaefni félagsins en um þau mál er fjallað í tilskipun 2001/86/EB. Frumvarp um það efni er að vænta frá félagsmálaráðherra. Með því frumvarpi verður lagður grunnur að rétti starfsmanna slíkra félaga til upplýsinga og samráðs um mikilvæg málefni er varða hagsmuni þeirra sérstaklega, auk þess sem kveðið er á um rétt þeirra í ákveðnum tilvikum til þátttöku í stjórn Evrópufélags.

Alþýðusambandið mælir með því að frumvarp þetta verði samþykkt.

Virðingarfyllt,

Ingvar Sverrisson, hdl.

lögfræðideild ASÍ



DÓMSTÓLARÁÐ

Alþingi
Erindi nr. P 130/1248
komudagur 8.3.2004

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b.t. Stefáns Andra Auðólfssonar nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 3. mars 2004

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Evrópufélög, 203. mál.

Dómstólaráði hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um Evrópufélög.

Dómstólaráð hefur fjallað um frumvarpið og samþykkt eftirfarandi umsögn um það. Umsögn ráðsins beinist einvörðungu að ákvæðum IV. og VI. kafla frumvarpsins, er tekur til þeirra verkefna sem héraðsdómstólum eru falin með frumvarpinu.

Dómstólaráð mótmælir harðlega kostnaðarmati fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis, sem frumvarpinu fylgir. Þar kemur fram að ráðuneytið telji að verði frumvarpið óbreytt að lögum verði ekki séð að það hafi kostnaðarauka í för með sér fyrir ríkissjóð.

Með frumvarpinu er héraðsdómstólum enn falin veruleg ný verkefni án þess að þeim verkefnum fylgi fjárveiting. Skemmst er að minnast lögfestingu nýrra barnalaga nr. 76/2003, barnaverndarlaga nr. 80/2002, laga nr. 94/2000, um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála og almennum hegningarlögum (nálgunarbann), laga nr. 36/1999, um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála (skýrslutökur dómara af börnum ofl.), auk dómstólalaga nr. 15/1998.

Í öllum tilvikum var niðurstaðan sú sama, héraðsdómstólum voru falin veruleg verkefni án fjárveitinga. Nú er svo komið að dómstólarnir geta ekki tekið að sér frekari verkefni án þess að til komi fjárveiting til greiðslu launa starfsmanna til að sinna þessum verkefnum.

Frá árinu 1998 hefur dómsmálum fjölgað gríðarlega í flestum málaflokkum. Innkomin mál voru 15.459 á árinu 1998, þegar lög um dómstóla tóku gildi. Hámarkinu var náð árið 2002 þegar innkomin mál voru 40.780. Málum fækkaði niður í 35.861 á árinu 2003 sem skýrist einvörðungu af fækkun í einföldustu málaflokkunum, sem eru skriflega flutt einkamál og áritun sektarboða frá lögreglu. Meðalfjöldi innkominna mála árin 1993-2000 var 20.617. Jafnframt fjölgun mála eru dómsmál sífellt að verða fjölbreytilegri og vandasamari. Knappar fjárveitingar hafa hins vegar orðið til þess að fjöldi starfsmanna á héraðsdómstólunum var á árslok 2003 sá sami og á árinu 1992 eða um 85. Í upphafi þessa árs var fjórum starfsmönnum dómstólanna sagt upp störfum vegna rekstrarvanda og þak hefur verið sett á yfirvinnu starfsmanna. Á þessum tíma hefur dómendum fækkað um 12, eftir að stöður dómarafulltrúa voru



DÓMSTÓLARÁÐ

lagðar niður. Fækkun dómenda og ört vaxandi málafjöldi hefur verið mætt með stöðugt meiri vinnu dómara og annars starfsfólks.

Dómstólaráð telur að afkastageta starfsmanna dómstólanna sé fullnýtt. Ef málafjöldi helst svipaður og verið hefur tvö síðustu ár mun meðferð dómsmála lengjast verulega á árinu, en sú þróun hófst reyndar á árinu 2003. Því má ljóst vera að héraðsdómstólum verða ekki falin frekari verkefni án þess að fjárveiting fylgi.

Dómstólaráð telur nauðsynlegt að lagt verði mat á fjölda mála sem búast má við að komi til dómstóla ef frumvarpið verður að lögum og þann kostnaðarauka sem því fylgir í rekstri héraðsdómstólanna. Tekið verði tillit til þess að um ný og vandasöm verkefni virðist vera að ræða.

Ekki eru gerðar efnislegar athugasemdir við frumvarpið.

Fr. Dómstólaráðs

Elín Sigrún Jónsdóttir
framkvæmdastjóri

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

Alþingi

Erindi nr. P 130/253

komudagur 21.11.2003

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
b.t. Ágúst Geirs Ágústssonar
v/ Austurvöll
150 REYKJAVÍK

19. nóvember 2003

Tilvísun: 2003110039

**Efni: Umsögn Fjármálaeftirlitsins um frumvarp til laga um Evrópufélög, 203. mál,
EES-reglur.**


Vísað er til bréfs efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 12. nóvember 2003, þar sem óskað er eftir athugasemdum Fjármálaeftirlitsins um frumvarp til laga um Evrópufélög, 203. mál, EES-reglur.

Fjármálaeftirlitið hefur yfirfarið frumvarpið og gerir athugasemd við efni 4. mgr. 6. gr. þess en þar er fjallað um þær aðstæður þegar eigi sé "unnt að fallast á umsókn skv. 4. mgr." vegna athugunar skv. 2. mgr. Svo virðist sem málsgreinin eigi að vísa til 3. mgr. í stað 4. mgr.

Fjármálaeftirlitið gerir ekki frekari athugasemdir við efni frumvarpsins.

Virðingarfyllst,


FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ



Páll Gunnar Pálsson



Rut Gunnarsdóttir



KAUPHÖLL ÍSLANDS
Iceland Stock Exchange

Alþingi
Erindi nr. P 130/503
komudagur 5. 12. 2003

Efnahags- og viðskiptanefnd
Alþingi
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 04.12.2003

Tilv. 111


RPJ

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Evrópufélög, 203. mál, EES-reglur.

Vísað er til bréfs efnahgs- og viðskiptanefndar dags. 12. nóvember síðasliðinn þar sem óskað er umsagnar Kauphallar Íslands um frumvarp til laga um Evrópufélög, 203. mál, EES-reglur.

Af hálfu Kauphallar Íslands hf. eru ekki gerðar athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,


Ragnar Þ. Jónasson, lögfræðingur.

Alþingi
Erindi nr. P 130/482
komudagur 4.12.2003

Nefndasvið Alþingis
Ágúst Geir Ágústsson, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Reykjavík, 3. desember 2003.

Umsögn laganefndar LMFÍ um frumvarp til laga um Evrópufélög. 130. löggjafarþing 2003–2004. Þskj. 214—203. mál.

Lögmannafélag Íslands vísar til bréfs yðar, dags. 12. nóvember 2003, þar sem óskað er umsagnar um ofangreint frumvarp. Laganefnd félagsins hefur haft frumvarpið til skoðunar og sér ekki ástæðu til að gera athugasemdir við efni þess.

Virðingarfyllst,
f.h. laganefndar Lögmannafélags Íslands

Jóhannes Rúnar Jóhannsson, hrl.,
formaður

RSK

Alþingi
Erindi nr. P 130/913
komudagur 2.2.2004

RÍKISSKATTSTJÓRI

DAGSETNING

TILVÍSUN


Alþingi, efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK


Reykjavík, 29. janúar 2004 2003110229

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Evrópufélög, 203. mál, EES reglur.

Ríkisskattstjóri vísar til bréfs háttvirtrar efnahags- og viðskiptanefndar, dags. 12. nóvember 2003, þar sem embættinu er sent til umsagnar frumvarp til laga um Evrópufélög. Ríkisskattstjóri hefur kynnt sér efni frumvarpsins einkum þau atriði er varðar skráningu í hlutafélagaskrá og ákvæði um bókhald og ársreikninga og hefur ekki við það neinar athugasemdir

Virðingarfyllst


Indriði H Þorláksson


Guðmundur Guðbjarnason



SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA

Association of Icelandic Insurance Companies

Alþingi
Erindi nr. P 130/347
komudagur 27. 11. 2003

S/244

Suðurlandsbraut 6
108 Reykjavík
Sími/Tel.: +354-568 1612
Bréfsími/Fax: +354-568 9664

Alþingi,
efnahags- og viðskiptanefnd,
nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

26. nóvember 2003


Efni: Um frumvarp til laga um Evrópufélög, 203. mál.

Með bréfi efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 12. þ.m., var Sambandi íslenskra tryggingafélaga (SÍT) sent ofangreint þingmál til umsagnar.

Í frumvarpi þessu felst fyrst og fremst innleiðing á reglugerð ráðs Evrópusambandsins nr. 2157/2001 um samþykktir fyrir Evrópufélög. Markmið þessarar reglugerðar er að búa svo um hnúta, að félögum er hafi starfsemi í fleiri en einu aðildarríki ESB, verði heimilt að stofna á grundvelli einna reglna félag og reka það. Í slíkri tilhögun telst bersýnilegt hagræði. Ísland er bundið af því að innleiða reglugerð þessa í íslenskan rétt, en í fyrra var samþykkt að taka hana upp í EES-samninginn. Athygli vekur, að víða í frumvarpinu er látið nægja að vísa í viðeigandi ákvæði reglugerðar ráðsins nr. 2157/2001 um samþykktir fyrir Evrópufélög í stað þess að taka efnisatriðin beint upp í væntanlegan lagatexta, en beinlínis er áréttað í 1. gr. frumvarpsins, að reglugerðin sé „prentuð sem fylgiskjal með lögum þessum“. Slíkt verklag við innleiðingu ESB-gerða horfir vissulega til einföldunar, en spyrja má, hvort hér sé e.t.v. of langt gengið.

SÍT er aðili að Samtökum atvinnulífsins (SA). Af SÍT hálfu hefur verið fylgst með gerð umsagnar SA til efnahags- og viðskiptanefndar, og tekur SÍT að öðru leyti undir efni hennar.

Virðingarfyllst,
SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA


Sigmar Ármannsson



Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

SA/

Rvk. 27.11.2003

Evrópufélög, 203. mál.

Samtökum atvinnulífsins hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um Evrópufélög, 203. mál þingsins. Samtökin skiluðu umsögn til bráðabirgða með bréfi dags. 26. nóv. sl. og fóru fram á frest til að skila umsögn þar sem frumvarpið var of umfangsmikið svo taka mætti afstöðu til þess innan frests sem gefinn var.

Við samningu frumvarps þessa var litið til sænska frumvarpsins til laga um Evrópufélög, sem legið hefur fyrir um tíma. Flestar greinar frumvarpsins eru bein þýðing úr sænska frumvarpinu. Danska frumvarpið lá hins vegar ekki fyrir fyrr en 12. nóvember sl. og því gætir ekki áhrifa þess í íslenska frumvarpinu. Íslensku hlutafélagalögin eru að stórum hluta samin með hliðsjón af þeim dönsku og því e.t.v. eðlilegra að líta til þess frumvarps en sænska frumvarpsins.

Í umsögn þessari eru gerðar ýmsar athugasemdir við tillögur frumvarpsins og þá horft til íslenskra laga um hlutafélög og hvernig önnur ríki hyggjast afgreiða fráviksheimildir reglugerðarinnar um Evrópufélög. Við samningu frumvarps um aðild starfsmanna að Evrópufélögum voru aðilar vinnumarkaðarins hafðir með í ráðum og er það fyrirkomulag til fyrirmyndar. Samtök atvinnulífsins áttu þess ekki kost að tjá sig um efni frumvarpsins fyrr en eftir framlagningu á Alþingi. Af þeim sökum var ekki hægt að koma athugasemdum samtakanna á framfæri fyrr en nú og er það miður.

Athugasemdir við einstaka þætti frumvarpsins:

5. gr. - Félag með aðalskrifstofu utan EES

Samkvæmt 5. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar geta aðildarríkin kveðið á um í landslögum að félagi, sem hefur aðalskrifstofur utan EES, skuli heimilt að taka þátt í stofnun Evrópufélags, að nánari skilyrðum uppfylltum. Heimildin hefur verið tekin upp í 5. gr. frumvarpsins. Telja verður þessa heimild eðlilega með hliðsjón af íslenskum hlutafélagalögum.

**Skráð skrifstofa og aðalskrifstofa (höfuðstöðvar)**

Skv. 7. gr. reglugerðarinnar skal skráð skrifstofa Evrópufélags vera í sama aðildarríki og aðalskrifstofa þess. Ekki er skylt að skráð skrifstofa og aðalskrifstofa hafi sama heimilisfang eða sé í sama sveitarfélagi. Aðildarríkjum er hins vegar heimilt að kveða á um slíka skyldu. Þessi heimild hefur ekki verið tekin upp í frumvarpið og það með réttu. Ekki er þörf á slíkri skyldu hér á landi enda snýr þetta ákvæði fyrst og fremst að ríkjum þar sem munur getur verið á skattlagningu fyrirtækja milli sveitarfélaga. Slík regla yrði ekki heldur talin lögmæt þar sem íslensk hlutafélög eru ekki undir þessari kvöð og óheimilt er skv. reglugerðinni að gera ríkari kröfur til Evrópufélaga.

Vernd minnihluta hluthafa

Í reglugerðinni er aðildarríkjum veitt heimild til að tryggja viðeigandi vernd minnihluta hluthafa sem leggst gegn flutningi Evrópufélags til annars aðildarríkis (5. mgr. 8. gr.) eða er andvígur stofnun Evrópufélags með samruna (2. mgr. 24. gr.)

Misjafnt er eftir löndum hvort heimild þessi verður nýtt. Engin umræða hefur farið fram um hvort eðlilegt sé að Ísland taki upp heimild þessa. Svíar hafa þegar ákveðið að nýta ekki heimildina en í danska frumvarpinu til laga um Evrópufélög er gert ráð fyrir að settar verði verndarreglur. Minnihluta hluthafa, sem lagst hafi sérstaklega gegn flutningi eða samruna, verði heimilt að krefjast innlausnar hluta sinna, að tilteknum skilyrðum uppfylltum, m.a. að mótmælt sé á aðalfundi þegar flutningur/samruni er ákveðinn og skrifleg krafa komi fram innan tilgreindra tímamarka.

Í 34. gr. reglugerðarinnar er einnig kveðið á um heimild aðildarríkjanna til að setja reglur um vernd minnihluta hluthafa þegar stofnað er eignarhaldsfélag í formi Evrópufélags. Hvorki í Svíþjóð né Danmörku er gert ráð fyrir að þessi heimild verði notuð. Almennt verður að telja að stofnun eignarhaldsfélags skaði ekki minnihluta hluthafa, enda er þeim frjálst að ákveða hvort þeir leggja hluti sína í eignarhaldsfélagið eða eigi áfram hlut í því félagi sem stendur að stofnun eignarhaldsfélags, sbr. 33. gr. reglugerðarinnar.

11.-16. gr. – Vernd kröfuhafa við flutning Evrópufélags og veiting flutningsleyfis

Eitt megineinkenni Evrópufélaga er að flytja má skráða skrifstofu til annars aðildarríkis án þess að slíta þurfi félaginu eða að nýr lögaðili verði til. Aðildarríkjum er skylt að tryggja í löggjöf að við þennan flutning sé hagsmuna lánadrottna og annarra réttihafa gætt „með fullnægjandi hætti í samræmi við kröfur aðildarríkis”, sbr. 7. mgr. 8. gr. reglugerðarinnar. Í 11. – 16. gr. frumvarpsins er hins vegar tekin upp sér-sænsk regla um vernd kröfuhafa sem enga samsvörun á í íslenskum hlutafélagalögum. Kerfi þetta er mjög þungt í vöfum og á engan hátt skilyrði fyrir tryggri vernd kröfuhafa.

Samkvæmt frumvarpinu er það hvort tveggja á könnu hlutafélagaskrár og dómstóla að veita flutningsleyfi. Ef enginn kröfuhafi andmælir flutningi þá gefur hlutafélagaskrá út flutningsleyfi en ef andmæli koma fram þá er málinu sjálfkrafa vísað til héraðsdóms, sem veitir flutningsleyfi ef leyst hefur verið úr ágreiningi. Engan rökstuðning er að finna í athugasemdum með frumvarpinu fyrir þessu þunga og flókna ferli og af hverju



blanda þurfi dómstólum inn í útgáfu sjálfs leyfisins. Ekki verður séð að það sé hlutverk dómstóla að veita Evrópufélagi leyfi til að flytja skrifstofu sína milli landa. Slíkt ætti einvörðungu að vera hlutverk hlutafélagaskrár.

Það er eðlilegt hlutverk dómstóla að endurskoða höfnun hlutafélagaskrár um flutningsleyfi og skera úr ágreiningi hvort framlagðar tryggingar félagsins séu fullnægjandi. Það er ekki þar með sagt að fela þurfi dómstól að gefa út leyfi. Dómstóllinn beinir því einfaldlega aftur til hlutafélagsskrár að gefa út flutningsleyfi.

Að því gefnu að ákvæðum 14. og 15 gr. frumvarpsins verði breytt þá er eðlilegt að endurskoða 27. gr. frumvarpsins um málskot í samræmi við eðlilegt hlutverk dómstóla í svona málum. Ákvæðið gerir nú einungis ráð fyrir málskoti vísi hlutafélagaskrá frá umsókn um flutningsleyfi vegna gagnaskorts, sbr. 12. gr. frumvarpsins. Telji nefndin ekki ástæðu til að breyta frumvarpinu hvað þennan þátt varðar væri eðlilegt að bera þennan hluta frumvarpsins undir Dómstólaráð til umsagnar.

Samtök atvinnulífsins telja eðlilegt að litið verði til þess hvernig vernd kröfuhafa við flutning Evrópufélags er tryggð í 7. gr. danska frumvarpsins til laga um Evrópufélög, enda hefur dönsk hlutafélagalöggjöf ætíð verið fyrirmynd þeirrar íslensku.

Afmörkun skulda vegna flutnings Evrópufélags

Vernd kröfuhafa, sem um hefur verið fjallað hér að ofan, er fyrst og fremst afmörkuð við þær skuldir sem orðið hafa til „fyrir birtingu flutningstillögunnar“, sbr. 1. undirgrein, 7. mgr., 8. gr. reglugerðarinnar. Þessi regla er í samræmi við ákvæði danskra og íslenskra hlutafélagalaga um vernd kröfuhafa við samruna félaga, sbr. 1. mgr. 126. gr. hfl.

Aðildarríkjum er þó heimilt að útvíkka þessa vernd þannig að hún taki einnig til skulda sem verða til eða kunna að verða til fyrir flutninginn sjálfan, sbr. 2. undirgrein, 7. mgr., 8. gr. reglugerðarinnar. Almennu hefur verið talið óframkvæmanlegt að miða við flutninginn sjálfan enda ber að veita leyfi fyrir flutningnum áður en hann á sér stað og því verði að fastsetja einhverja dagsetningu sem viðmiðun. Í frumvarpinu er gerð sú tillaga að hlutafélagaskrá ákveði þessa dagsetningu, sbr. 2. mgr. 13. gr. frumvarpsins („...í síðasta lagi á ákveðnum degi...“). Ákvæði þetta veldur nokkurri óvissu enda er mikilvægt fyrir félög að geta gengið skipulega til verks við undirbúning flutnings og gert upp skuldir eða gengið frá tryggingum m.v. þekkta dagsetningu. Því hefur sú leið verið farin í Danmörku að miða verndina við skuldir sem verða til fyrir birtingu flutningstillögu og næstu 2 vikur þar á eftir. Í Þýskalandi er miðað við 15 daga. Þetta er mun farsælli leið og er mælt með að frumvarpinu verði breytt á þessa vegu.

Sérstakar hömlur á þátttöku fjármálafyrirtækja í stofnun Evrópufélags með samruna

Í frumvarpinu er nýtt heimild 19. gr. reglugerðarinnar sem gefur stjórnvaldi kost á að mótmæla þátttöku félags í stofnun Evrópufélags með samruna. Heimildin er þó einungis nýtt hvað fjármálafyrirtæki varðar og Fjármálaeftirlitinu veittur réttur til að



mótmæla. Mótmælin mega einungis byggjast á þeim forsendum að „almannahagsmunir” krefist.

Ekki er sérstaklega rökstutt í athugasemdum með frumvarpinu af hverju þörf er á því hér á landi að nýta þessa heimild. Hvorki í Danmörku né Þýskalandi hafa yfirvöld talið þörf á að nýta heimildina, hvorki hvað varðar fjármálafyrirtæki né önnur fyrirtæki. Svíar hafa að vísu ákveðið að taka upp þessa heimild en rökstyðja þarf af hverju feta á í fótspor Svía í þessu tilviki. Í Danmörku hefur m.a. verið vísað til þess að hugtakið „almannahagsmunir” er mjög óljóst, það sé ekki skýrt nánar í reglugerðinni og beiting undanþágunnar muni því einungis valda óvissu um réttarstöðu fjármálafyrirtækja við stofnun Evrópufélaga með samruna.

Ákvæðið er þar að auki gallað hvað varðar tilvísanir til annarra laga. Þannig ber Fjármálaeftirlitinu skv. ákvæðinu að gæta ákvæða samkeppnislaga (sem ekki er í sænska ákvæðinu) en telja verður það ekki á færi eða valdssviði Fjármálaeftirlitsins að taka ákvarðanir á grundvelli samkeppnislaga.

Samtök atvinnulífsins mæla með að ákvæði þetta verði felld brott úr frumvarpinu enda er það óskýrt og eflaust óþarft m.t.t. annarrar löggjafar sem fjármálafyrirtæki heyrja undir.

Skipulag Evrópufélaga

Þau heiti sem notuð eru fyrir stofnanir í Evrópufélagi eru til þess fallin að valda óvissu, enda eiga heitin sér hliðstæðu í íslensku hlutafélagalögunum án þess að hlutverk sé það sama. Þess þarf þó að gæta að stjórnskipulag Evrópufélaga er sjálfstætt og ekki beint tengt lögbundnum stjórnkerfum hlutafélagalaga einstakra ríkja. Þeim er þannig ekki heimilt að breyta ákvæðum reglugerðarinnar um stjórnkerfi til samræmis við hefðir eða hlutafélagalöggjöf heima fyrir.

Í tvíþættu stjórnkerfi er, skv. íslenskri þýðingu reglugerðarinnar, gert ráð fyrir „eftirlitsstjórn” og „framkvæmdastjórn” en í einþættu stjórnkerfi skal vera „stjórn”. Val á milli tvíþætts og einþætts stjórnkerfis endurspeglar þann mun sem er á milli stjórnkerfa hlutafélaga í ríkjum ESB, án þess þó að sérstakt tillit sé tekið til löggjafar um hlutafélög á Norðurlöndunum.

Í dönskum og sænskum frumvörpum til laga um Evrópufélög er farin sú leið að nota önnur hugtök en fyrir hendi eru í hlutafélagalöggjöf landanna, enda er staða stjórnareininga í Evrópufélagi, hvort heldur sem um er að ræða ein- eða tvíþætt stjórnkerfi, ekki alveg sambærileg við stöðu félagsstjórnar og framkvæmdastjórnar í hlutafélagalögum. Ekki er þó gerð tillaga hér um önnur hugtök en þau sem er að finna í frumvarpinu.

Hvað varðar 18. gr. frumvarpsins má benda á að í danska frumvarpinu er lagt til að nýta ekki heimild 3. mgr. 39. gr. reglugerðarinnar. Eðlilegt sé að veita félögunum sjálfum og hluthafafundum svigrúm til að setja eigin reglur um þessa þætti.



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Í 20. gr. frumvarpsins er gerð sú krafa, í samræmi við heimild 4. mgr. 39. gr. reglugerðarinnar, að ákveða lágmarksfjölda þeirra sem sitja skulu í einstökum stjórnareiningum. Er með því vikið frá þeirri meginreglu reglugerðarinnar að fjöldi sé ákveðinn í samþykktum Evrópufélagsins sjálfs. Eðlilegt verður að telja að ef setja á reglur um lágmarksfjölda þá sé litið til ákvæða laga um hlutafélög og ekki gerðar ríkari kröfur til Evrópufélaga. Af þeim sökum er ekki ástæða til að krefjast 5 manna eftirlitsstjórnar í tvíþátta stjórnkerfi og er lagt til að lágmarkið verði fært niður í 3 menn. Sama á við um framkvæmdastjórn, eðlilegt lágmark væri einn maður í stað þriggja. Er það í samræmi við tillögur í danska frumvarpinu til laga um Evrópufélög en í því er byggt á ákvæðum dönsku hlutafélagalaganna sem eru samhljóða þeim íslensku hvað þessa þætti varðar.

Tillöguréttur hluthafa

Í 24. gr. frumvarpsins er nýtt heimild 56. gr. reglugerðarinnar um að lækka eða fella niður kröfur um lágmarkshlutafjáreign til að hluthafi geti komið málum á dagskrá hluthafafundar. Frávik þetta er eðlilegt og í samræmi við 86. gr. laga um hlutafélög. Í 3. mgr. 24. gr. er ákvæði um fresti sem rétt er fella brott, enda óþarft. Í staðinn verði 1. mgr. 24. gr. breytt og ákvæði 86. gr. hfl. tekið upp efnislega.

„Hver hluthafi á rétt á því að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á hluthafafundi ef hann gerir skriflega kröfu um það til félagsstjórnar með það miklum fyrirvara að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins.“

Virðingarfyllst,

Ragnar Arnason, hdl.
forstöðumaður vinnumarkaðssviðs SA





SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 130/349
komudagur 27.11.2003

SA/

Rvk. 26.11.2003


Evrópufélög, 203. mál.

Samtökum atvinnulífsins hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um Evrópufélög, 203. mál þingsins. Frumvarp þetta byggir á reglugerð ráðsins (EB) um sama efni sem taka skal gildi á öllu evrópska efnahagssvæðinu eigi síðar en í október 2004. Einnig er unnið að gerð frumvarps í félagsmálaráðuneytinu um aðild starfsmanna að Evrópufélögum sem er óaðskiljanlegur hluti reglna um Evrópufélög. Skoða verður frumvörp þessi saman enda verður annað ekki lögfest án hins.

Regluverk um Evrópufélög er nokkuð flókið. Hagsmunaaðilar áttu þess ekki kost að koma að gerð frumvarpsins eða kynna sér efni þess á fyrri stigum. Reyndar byggir frumvarpið á reglugerð ráðsins en ekki tilskipun og því lítið svigrúm til breytinga og aðlögunar fyrir einstök ríki. Reglugerðin hefur þó kallað á vissar útfærslur sem hagsmunaaðilar þurfa að taka afstöðu til.

Sá tími sem gefinn hefur verið til að taka afstöðu til frumvarpsins er of skammur, enda um flókið regluverk að ræða. Samtök atvinnulífsins óska þess að fá tækifæri til að skila umsögn eftir frekari könnun á efni frumvarpsins. Verði nefndin við því ætti umsögn að geta legið fyrir áður en þing kemur saman eftir áramót.

Viðfangsfyllst,


Ragnar Arnason, hdl
forstöðumaður vinnumarkaðssviðs



Samtök banka og verðbréfafyrirtækja
Bankers' and Securities Dealers' Association of Iceland

Alþingi
Erindi nr. P 139/888
komudagur 28.1.2004

Reykjavík, 27. janúar 2004

Alþingi,
efnahags- og viðskiptanefnd,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frv. til l. um Evrópufélög (203. mál)

Vísað er í bréf nefndarinnar dags. 12. nóvember sl. þar sem óskað er eftir umsögn um ofangreint mál. SBV eiga aðild að Samtökum atvinnulífsins og hafa unnið með þeim að umsögn um frumvarpið. SBV fagna frumvarpinu og styðja lögfestingu þess, en telja mikilvægt að gera breytingar á einstökum ákvæðum eins og nánar er greint í umsögn SA. Meðal annars telja SBV ótækt að setja fjármálafyrirtækjum þrengri skorður en öðrum fyrirtækjum um stofnun slíkra félaga.

Virðingarfyllst,

Guðjón Rúnarsson,
framkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/444
komudagur 3.12.2003



Samtök iðnaðarins
Federation of Icelandic Industries

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 2. desember 2003

Efni: Frumvarp til laga um Evrópufélög, 203. mál.

Samtök iðnaðarins styðja efni ofangreinds frumvarps og telja það horfa til framfara að taka upp þetta félagsform.

Íslendingum er samkvæmt EES-samningnum skylt að taka upp í íslensk lög ákvæði reglugerðar ráðsins nr. 2157/2001 um samþykktir fyrir Evrópufélög. Þær skyldur staðfesti Alþingi í desember 2002 með þingsályktun um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 93/2002, um breytingu á XXII. viðauka við EES-samninginn.

Þrátt fyrir stuðning við efni frumvarpsins telja Samtök iðnaðarins rétt að veita þeim sem hagsmuna eiga að gæta meira svigrúm til þess að skoða efni þess nánar og útfærslu í einstökum atriðum. Ekki er vitað til þess að hagsmunaaðilum hafi á undirbúningsstigi frumvarpsins gefist kostur á að tjá sig um efni þess. Það er óheppilegt, ekki síst í ljósi þess að hér er verið að fjalla um mikilvæga umgjörð um rekstur fyrirtækja.

SAMTÖK IÐNAÐARINS

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Jón Steindór Valdimarsson'.

Jón Steindór Valdimarsson
aðstoðarframkvæmdastjóri



SAVTÖK ABTÞRÍKJAVARSLUNAR
FÉLAGS ISLENSKRA STÓRKUPLMANNNA

SAMTÖK VERSLUNARINNAR

FEDERATION OF ICELANDIC TRADE

Alþingi

Erindi nr. Þ 130/443

komudagur 3.12.2003

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 03.12.2003


Tilv. 02.109

GÁS

Vísað er til erindis hæstvirkar efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 12. nóvember sl., þar sem óskað er umsagnar Samtaka verslunarinnar um frumvarp til laga um Evrópufélög, 203. mál.

Samtökin styðja það að frumvarpið verði að lögum enda verður ekki annað séð en að það komi til með að auðvelda fyrirtækjum starfsemi á Evrópska efnahagssvæðinu. Telja samtökin ekki ástæðu til að gera efnislegar athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst


Guðrún Ásta Sigurðardóttir hdl.

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. P 130/483
komudagur 4.12.2003



2. desember 2003


Efni: Umsögn SVP um frumvarp til laga um Evrópufélög, 203. mál, EES-reglur.

SVP-Samtök verslunar og þjónustu hafa yfirfarið tilvitnað frumvarp sem tengist frumvarpi félagsmálaráðherra um aðild starfsmanna að Evrópufélögum og frumvarpsákvæðum um breytingar á ýmsum lögum eins og segir í athugasemdum við frumvarpið.

Reifun máls og umsögn

Samtökin meta það svo að ekki sé mikið svigrúm til breytinga við þennan lagabálk sem byggir á Evrópufélagareglugerð ráðsins. Samtökin hafa kannað að Samtök atvinnulífsins, SA, sem þau eiga aðild að hafa veitt umsögn um frumvarpið og áforma frekari umfjöllun um það til Efnahags- og viðskiptanefndar. Þar sem hér er um að ræða töluvert flókna löggjöf og langur tími hefur ekki gefist til undirbúnings umsagnar, þá kjósa SVP að láta SA eftir að fjalla um frumvarp þetta og skila umsögn um það.

Virðingarfyllst,



Sigurður Jónsson framkvæmdastjóri



Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
Pétur H. Blöndal formaður

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/1174
komudagur 26.2.2004

Reykjavík 25. febrúar 2004

Vegna fyrirspurnar Jóhönnu Sigurðardóttur á fundi mínum með efnahags- og viðskiptanefnd í gær um áhættumat og álög á iðgjöld í persónutryggingum vil ég koma á framfæri við nefndina eftirfarandi upplýsingum um áhættumat hjá Líftryggingamiðstöðinni hf.

Áhættumat í líf- og sjúkdómatryggingum.

Ákvörðun um að veita líf- og sjúkdómatryggingar byggist á persónubundnu áhættumati. Áhættumat fer þannig fram að umsækjandi leggur fram váttryggingarumsókn þar sem hann gefur þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru félaginu til að taka ákvörðun um veitingu váttryggingarinnar.

Afstaða til váttryggingaumsókna er aðallega byggð á upplýsingum um eftirfarandi þætti.

Heilsufar umsækjanda, sem fram kemur í umsókninni. Einnig getur þáttur eins og fjölskyldusaga haft áhrif þar á. Ef félagið þarf nánari upplýsingar um einhver atriði sem fram hafa komið, getur það óskað eftir þeim frá umsækjanda sjálfum eða aflað þeirra frá læknum eða sjúkrahúsum skv. heimild sem umsækjandi hefur veitt.

Atvinnuáhætta, en ef hún er meiri en iðgjaldsgrunnur trygginganna gerir ráð fyrir, er ýmist hægt að leggja álag á iðgjald eða undanskilja einhverja áhættuþætti.

Búseta getur haft áhrif á iðgjald, þ.e. ef umsækjandi hyggst dvelja langdvölum í landi þar sem öryggi íbúa er minna en hér á landi eða lífslíkur verri.

Séráhætta, svo sem. fallhlífarstökk og köfun eru þættir sem hafa í för með sér aukna áhættu.

Þegar þessir þættir hafa verið skoðaðir er endanleg ákvörðun tekin. Í langflestum tilfellum er umsóknin samþykkt án athugasemda en í þeim tilvikum þegar eitthvað kemur fram sem bendir til aukinnar áhættu getur félagið brugðist við með ýmsum hætti. Í fyrsta lagi getur það samþykkt umsóknina með álagi á iðgjald. Þá getur það takmarkað bótasvið tryggingarinnar og í þriðja lagi getur það hafnað umsókninni.



Hér að neðan eru nokkur dæmi um afgreiðslu félagsins.

Dæmi 1.	34 ára, 191 cm á hæð, 135 kg að þyngd sem er nokkuð fyrir ofan kjörþyngd, reykir ekki.			
	Niðurstaða	Iðgjald	Álag	Til greiðslu
Líftrygging Kr. 8.000.000.	Samþykkt með 65% álagi	13.504	8.777	22.281
Sjúkdómatrygging Kr. 4.000.000.	Samþykkt með 130% álagi	9.208	11.970	21.178

Dæmi 2.	35 ára, reykir og er með slæman astma.			
	Niðurstaða	Iðgjald	Álag	Til greiðslu
Líftrygging Kr. 12.000.000	Samþykkt með 25% álagi.	23.844	5.961	30.805

Dæmi 3	35 ára, er með nýlega greindan nýrnasjúkdóm, reykir ekki.			
	Niðurstaða *	Iðgjald	Álag	Til greiðslu
Líftrygging Kr. 6.000.000.	Samþykkt með 300% álagi.	6.228	18.684	24.912
Sjúkdómatrygging Kr. 3.000.000.	Synjað			
* Auk álagsins var samningstími tryggingarinnar, sem vanalega er til 70 ára aldurs hins tryggða stytur í 20 ár, þannig að tryggingin gildir til 55 ára aldurs.				

Það er von mín að þessar upplýsingar séu gagnlegar og fullnægjandi.

Tryggingamiðstöðin hf.

Gunnar Felixson
forstjóri

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/484
komudagur 4.12.2003



VERSLUNARRÁÐ
ÍSLANDS

ICELAND CHAMBER
OF COMMERCE
Stofnað 1917

SAMTÖK
VIÐSKIPTALÍFSINS

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t Ágústs Geirs Ágústssonar, nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. desember 2003.

Efni: Frumvarp til laga um Evrópufélög, (203. mál).

Verzlunarráð Íslands þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem lagt er fram í ljósi skuldbindinga Íslands í samstarfi Evrópuríkja. Borið hefur á því undanfarin misseri við innleiðingu EES reglna að vikið sé frá íslenski lagasetningarhefð hvað form lagatexta varðar. Sem dæmi má nefna óhóflega langar lagagreinar, óþjálta málfar og oft á tíðum notkun hugtaka sem ekki eiga sér stoð í íslensku lagamáli.

Verzlunarráð gerir ekki efnislegar athugasemdir við ofangreint frumvarpið í heild en vill þó, í ljósi þess sem áður segir, koma að athugasemd varðandi framsetningu frumvarpsins. Ráðið telur að í texta frumvarps mætti koma fram skilgreining á hugtakinu *Evrópufélag*. Ný grein gæti komið á eftir 1. gr., í líkingu við eftirfarandi:

Með Evrópufélagi er átt við hlutafélag sem starfar í fleiri en einu EES ríki en á grundvelli einna samræmdra hlutafélagareglna sem settar eru fram í lögum þessum.

Þannig mætti gera lagatextann örhlítið aðgengilegri, löglærðum sem ólöglærðum.

Virðingarfyllst,
f.h. Verzlunarráðs Íslands,

Sigríður Ástíldur Andersen.

Póstáritun:
Verzlunarráð Íslands
Húsi verzlunarinnar
Kringlan 7
103 Reykjavík

Sími: 510 7100
Bréfsími: 568 6564
Netfang: mottaka@chamber.is
Website: www.chamber.is